

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Snæfellsbæ.

Nýtt deiliskipulag í landi Litlu-Tungu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar 14. nóvember 2024, nýtt deiliskipulag í landi Litlu-Tungu. Um er að ræða deiliskipulag vegna uppbyggingar innan skipulagssvæðisins sem snýr að bættri ferðamannþjónustu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir vegi, salernisbyggingu, þjónustubyggingu, áhaldabyggingu, göngustígum, aðstöðu fyrir starfsfólk og bíla-stæðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast það þegar gildi.

Snæfellsbæ, 20. desember 2024.

Hildigunnur Haraldsdóttir, arkitekt faí, skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 9. janúar 2025